


Mynd tekin á Eyrarbakka, þegar Ásgrímur starfaði í „Húsinu" þar (vikapiltur). Friðrik Gíslason frá Vestmannaeyjum tók hana.



Ásgrímur Jónsson. — Myndina gerði Jón Kaldal eftir plötu úr safni Karls Ólafssonar ljósmyndara.



Þessa mynd tók Jón Kaldal út úr hópmynd, sem var tekin í Danmörku um aldamótin (skógarferð).

viljað það til happs, að hann átti ekki neinn þann að, er hann hefði getað borið ráð sín undir og þess vegna gerðist enginn til að draga úr honum kjarkinn". Í ljósi þessa verður hin óvænta framsetning föðurins að vegast og metast, þótt hann beindi ekki orðræðum framar inn á þá braut, en Ásgrímur var þá kominn fast að fermingu og skammt til brottfarar að heiman.

— Það var lán Ásgríms er hann hélt að heiman, að fyrir orð Ingibjargar nokkurrar ljósmóður á Loftsstöðum var hann ráðinn vikapiltur til Nielsens verzlunarstjóra á Eyrarbakka, í Húsinu sem svo var nefnt. **„Húsið"** þótti menningarsetur og talið jafngilda góðri skólagöngu að komast þar í vist eða til dvalar. Í Húsinu og yfir heimilislífunu þar öllu hvíldi ferskur og glaðvær blær og þarna héldust í hendur gestrisni, hjálpsemi, ástundun, vinna og reglusemi. Bókakostur var ekki ýkjamikill, en talsvert af dönskum myndablöðum og sum þeirra í stórum bindum, sem Ásgrímur fékk að skoða að vild. Í þessum blöðum mun hann í fyrsta skipti hafa kynnzt erlendri myndlist og mundi hann eftir myndum af einstökum málverkum þar alla tíð síðan. Kynni þessi af myndlist juku löngun hans til að mála sjálfur, en hér urðu tómstundirnar ólíkt færri en í foreldrahúsum og því minni tími til að sinna þeim hugðarefnum. Þó eignaðist hann á þessum árum sinn fyrsta vatnslitakassa og þótti að því mikill fengur. Þarna komst Ásgrímur í fyrsta skipti í veruleg kynni við tónlist, enda var í Húsinu stórt og vandað píanó og heimilið stóð opið öllu söngelsku og listhneigðu fólki. Er vafamál, hvort söngur og tónlist hafi annars staðar á landinu verið í meiri hávegum höfð á þeim tímum. Hér heyrir Ásgrímur í fyrsta skipti leikið á orgelharmoníum, sem bræður nokkrir frá Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi, með afbrigðum listfengir og músíkalskir, smíðuðu sjálfir og þar heyrir hann einnig í fyrsta kirkjuorgelinu, sem austur kom. Bjó Ásgrímur að þessum fyrstu kynnum sínum af tónlist allt sitt líf, og vafalaust einnig annarri menningu og reglufestu, er þar skipaði öndvegi. Tónlistin sat lengi í Ásgrími og seinna þótti honum miður að geta ekki aflað sér sæmilegrar þekkingar á tónlist, er hann kom til Kaupmannahafnar, en þá var það hið fyrsta, sem hann gerði, að kaupa fiðlu, enda hafði hann heyrt að fiðluleikur skerpti mjög alla heyrn á tóna. En málaralistin sat í öndvegi og ekki kom til þess, að Ásgrímur snerti fiðluna af eðlislægri háttvísi og hræðslu við, að hann myndi valda ónæði fólkinu, sem hann bjó hjá. Í Húsinu vakti athygli, að Ásgrímur fékkst við að teikna og átti hann nokkra samúð með þessu föndri og þá helzt hjá húsfreyjunni, sem bar eitt „listaverk" hans undir dómbæran mann, sem kvað upp þann úrskurð, að þar sem aðeins væri um eftirmynd að ræða, yrði fátt ráðið um sjálfstæða getu...

Að lokinni þriggja og hálfs árs dvöl í Húsinu þótti Ásgrími tími til kominn að leita sér að arðmeiri atvinnu og ræður sig á fiskiskútu frá Reykjavík og gegndi sjómennsku í þrjár vertíðir. Eftir það ræðst hann til vegavinnu á Hellisheiði, og loks er fjárhag hans svo komið, að hann leysir sér lausamennskubréf, sem þá kostaði 15 krónur. Annars var Ásgrími það helzt minnisstætt frá þessum árum, fyrir utan vos, strit, laklegan aðbúnað, harðneskju og hættur, ásamt lífsháska, — hið daglega strit, soðningu og graut, rúgbrauð og margarín, sætsúpu til hátíðabrigða á sunnudögum, — að útgerð skútunnar varð gjaldþrota. Hlaut hann ekki annað endurgjald fyrir virktirnar og það með miklum eftirgangsmunum en stranga af kafþykku vaðmáli, sem hann lét saumakonu á Bíldudal sníða úr tvo klæðnaði og tókst þá ekki betur til en svo að fyrri fötin stóðu allsstaðar á beini, en hin síðari, þegar vesalingskonan vildi bæta hér um, urðu hólkvíð ... Þætti ungu fólki í dag þetta rýr afrakstur þriggja vertíða!

En tveggja ára dvölin á Bíldudal varð Ásgrími gifturík. Honum höfðu nú safnazt nokkur efni af kaupi sínu þar í vöruávísunum, sem hinn velviljaði öðlingur Pétur J. Thorsteinsson innleysti í gjaldgenga mynt er var einstök og frábær fyrirgreiðsla á þeim tíma.

Ásgrími var nú ekkert að vanbúnaði lengur og í októbermánuði haustið 1897 tók hann sér far með póstskipinu Lauru áleiðis til Kaupmannahafnar. Var hann þá búinn til farar með tvö hundruð krónur í peningum og tvenn vaðmálsföt in góðu, eftir sjö ára strit á sjó og landi.

Ég hef hér að nokkru lýst aðdraganda þess að Ásgrímur hélt utan til náms, tínt til efni úr handbærum heimildum og þá aðallega stuðzt við frásögn hans sjálfs í bókinni **„Myndir og minningar"** er Tómas Guðmundsson færði í letur árið 1955. Það hefur verið ritað mikið og vel um Ásgrím Jónsson, þótt að mínum dómi hafi enn ekki séð dagsins ljós það rit, með myndum og eftirprentunum, sem sé lífsverki hans samboðið þótt alla viðleitni beri að virða.

Starfsbræðrum Ásgríms mun þykja það forvitnilegt hvað raunverulega bjó að baki þeirri ákvörðun þessa brautryðjanda að ráðast í utanför til listnáms, ekki vegna þess að efamál sé að myndskyn og sterk listhneigð hefur búið með þjóðinni frá því að land byggðist. En hér verða merk listsöguleg tímaskil. Myndlistin hefur átt blómaskeið sín hérlendis í samræmi við þau skilyrði er henni voru búin á hverjum tíma. Hitt væri með ólíkindum að listrænir hvatar hefðu ekki þróazt meðal þjóðar í jafn myndauðugu og litríku landi, sem lifað hefur alla tíð í trú á huldufólk, álfa, drauga og hverskonar dularmögn í stokkum og steinum.

Ásgrímur sótti ný og fersk viðhorf til Kaupmannahafnar og rækti nám sitt vel og af marksækni. Fyrst nam hann í undirbúningsskólum til inntökuprófs í konunglega fagurlistaskólann. Hann náði inngöngu þar eftir tveggja vetra fornám og allan þann tíma vann hann fyrir viðurværi sínu með húsgagnamálun á stóru verkstæði með þá einu kunnáttu sem hann hafði aflað sér á Bíldudal, og hélt hann því starfi áfram eftir að hann hóf nám við listaháskólann. Á þessum árum var skólinn frekar stöðnuð stofnun og olli það Ásgrími vonbrigðum en úr því bætti hann með því að sækja vel ríkislistasafnið og skoða þar vandlega eldri sem nýrri meistara, einkum minntist hann myndar þar eftir Van Gogh, sem var gjörólík öllu því sem hann hafði áður séð í málaralist. Hann gerði sér margar ferðir á safnið til að skoða þessa mynd sérstaklega og einkum hreifst hann af því hve myndin var fersk og tær í formi og lit.

Ásgrímur var þrjú ár í Listaháskólanum og var búinn að fá sig fullsaddan af þeirri þrúgandi lognmollu er honum fannst umlykja kennsluna. Var hann því lausninni feginn og málaði upp frá því svo sem andinn bauð hverju sinni.

Viðhorf Ásgríms til Listaháskólans sýnir að hann hefur snemma skynjað mikilvægi markvissrar vinnu og rýninna viðhorfa til umhverfisins. Þetta var honum persónulegur ávinningur og enginn af skólafélögum hans munu hafa náð frama að Harald Giersing undanskildum, sem forðaði sér raunar fljótt á braut og leitaði annað til náms.

Ásgrímur hefur tvímælalaust verið í senn bráðgerr og mjög næmur fyrir kjarna hlutanna. Þá var hann kominn til verulegs þroska er hann fór utan til náms, en hann var þá kominn yfir tvítugt og gekk að hlutunum með yfirvegan og rósemi. Hann þróar fljótlega með sér vandað mat á eldri sem nýrri málurum heimslistarinnar og horfir gagnrýnum augum á margt það sem danskir málarar fengust við, og er það eftirtektarvert og til íhugunar að slíkt hafa nær allir sporgöngumenn hans gert er numið hafa í danska Listaháskólanum og einhverju marki hafa náð.

Næstu árin var hann heima á Íslandi á sumrum en í Kaupmannahöfn á vetrum að vetrinum 1906—7 undanskildum þegar hann hélt kyrru fyrir í Reykjavík og vann m.a. allmargar þjóðsagnamyndir og teikningar. Á þessum árum nýtur hann styrks frá Alþingi, fyrst 600 krónur er hækkaði síðar í 1000 krónur og má því telja að Alþingi hafi sýnt rausn í garð þessa listamanns. Hann hafði unnið sér álits sem marksækinn listamaður, sem mikils mátti vænta af og á þessum árum var þjóðin að vakna til vitundar um eigin mátt og farin að hefja sókn til aukinnar menningar og sjálfstæðis. Þótti því ekki nema sjálfsagt réttlætismál að rétta listamönnum hjálparhönd er fram úr sköruðu.

Ásgrímur hefst nú handa að sýna myndir sínar, fyrst í Melsteds-húsi í Reykjavík, sem sem fyrr greinir, en svo á vorsýningunum á Charlottenborg og mun hann ekki sjaldnar en sjö sinnum hafa átt myndir þar á tímabilinu 1904—12. — Þátttaka í sýningum á Charlottenborg var Ásgrími uppörvun og styrkur, auk þess að hann seldi iðulega eitthvað af myndunum, sem var kærkomin búbót, og þær fengu yfirleitt lofsamlega dóma og stundum ágæta, m.a. frá hendi Emils Hannover, sem var einn þekktasti listrýnir og listfræðingur Dana og, við hlið J. Tetzen Lund, þeirra mestur listhöfðingi á þessum árum. Jafnt einkasafnarar sem söfn víða í Danmörku keyptu myndir Ásgríms.

Ásgrímur ferðaðist töluvert á námsárum sínum, m.a. með Einari Jónssyni myndhöggvara til Vínarborgar og var þá komið við á ýmsum stöðum á leiðinni, svo sem Núrnberg og Berlín og söfn skoðuð eftir föngum, seinna fór hann einn síns liðs til Þýzkalands og varð honum þá minnisstæðust heimsókn til Dresden og þá einkum Madonna san Sisto, nefnd Sixtínska madonnan á Zwinger-safninu. Hann hlaut styrk frá Alþingi til utanfarar árið 1907, og var það aðallega fyrir hvatningu og tilstuðlan Bjarna frá Vogi, sem var alþekktur fyrir einlægan stuðning við listamenn, nam sá styrkur 3000 krónum, sem var mikið fé í þá daga. Ásgrímur hélt frá Kaupmannahöfn áleiðis til Ítalíu í marzmánuði árið eftir með nokkurri viðdvöl í Weimar, en þar stóð þá yfir viðamikil listahátíð. Í Weimar sá hann í fyrsta skipti mynd eftir annan upphafsmann impressjónistanna, Claude Monet (hinn taldist Edouard Manet) og var þar um að ræða hið fræga málverk af dómkirkjunni í Rouen. Þetta varð Ásgrími mikill og áhrifaríkur viðburður og virti hann myndina fyrir sér hugfanginn og var frá fyrstu stund með á nótunum. Þetta skeði á þeim tíma er enginn áhugi var á þessari tegund listar í Danmörku og jafnvel danskir málarar, sem þá voru heima-

Framhald á bls. 19

Ásgrímur Jónsson og frú Bjarnveig

Brautryðjandinn í Íslenzkri myndlist, og einn af frjóustu snillingum okkar fyrr og síðar, Ásgrímur Jónsson, listmálari, var hreinlyndur maður og drenglundaður. Hroðvirkni og óráðvendni óþekktur veikleiki í brjósti hans. Hann var hreinn og beinn og óskiptur hvar sem hann tók til höndum.

Á heimili Ásgríms og vinnustofu náðu aldrei að gerja nein annarleg föstur kæruleysis og hversdagsleika.

Ásgrímur ætti fáa trúnaðarvini og alla tíð hina sömu. Hjá frændkonum sínum á Stýrimannastíg 5 var heimilisbragur hinum stranga listamanni að skapi, og frænka hans, Bjarnveig Bjarnadóttir, varð snemma mikið eftirlæti listamannsins, og síðar er hann kenndi sjúkleika þess, er að lokum braut niður starfsþrek hans, var hún honum sannkallaður bjargvættur.

Frú Bjarnveig átti þá eiginleika í ríkum mæli, sem Ásgrímur mat hæst, reglusemi og trúmennsku, ásamt skilningi á listsköpun hans og lífsbaráttu.

Ef Ásgrímur Jónsson væri í dag á meðal okkar, hefði hann sjálfur gert lýðum ljóst það hnitmiðaða og fórnfúsa starf er Bjarnveig Bjarnadóttir vann fyrir list hans síðustu áratugi, og varla er ofmælt að hún hafi fært lífsstarf hans nær okkur um hálfa öld.

R.J.